



Hof í Vatnsdal



www.vatnsdalur.is



Teikning: Ingólfur Óm Blöggvínsson



Ljósmynd: Loftmyndir ehf.



Upplýsingar

Í Landnámabók og Vatnsdæla sögu greinir frá landnámi Ingimundar gamla, en þar segir að hann hafi numið Vatnsdal allan fyrir ofan Helgavatn og Urðarvatn. Ingimundur var vinur og bandamaður Haraldar konungs hárfagra (um 850-933) og barðist með honum í hinni miklu orrustu í Hafursfirði í Noregi. Eftir bardagann fékk konungur Ingimundi gott kvonfang, Vigdís, dóttur Þóris jarls þegjanda. Bróðir Þóris var Göngu-Hrólfr sem réðist með víkingaher inn í Frakkland og gerðist jarl yfir landsvæði því sem fékk nafnið Norðmandí. Afkomandi Göngu-Hrólfs var Vilhjálmur sigursæli sem lagði undir sig England árið 1066. Ingimundur byggði bæ sinn að Hofi að tilvísan guðsins Freys og á það að hafa gerst í kringum aldamótin 900. Hof varð höfuðból þeirra Vatnsdælagóða fram að dauða Þorkels kröflu um 1030. Ingimundur sótti sér húsavið til Noregs „því at hann kvazk vel vilja sitja bæ sinn ok kvazk vænta, at Haraldr konungr myndi honum vel taka.“ Færði Ingimundur konungi hvítabirni að gjöf en konungur gaf á móti skipið Stíganda með víðarfarmi. Upp og norður undan bænum er allmikil hæð sem enn í dag gengur undir heitinu Goðhóll. Umhverfis hólinn vottar fyrir

fornum garðlögum og mótar nokkuð glögglega fyrir þeim að austan, norðan og vestan. Efst á hólnum sést að þar hefur bygging staðið, en veggir eru sokknir og illgreinanlegir. Talið hefur verið að þar hafi Ingimundur reist hof sitt „hundrað fóta langt“ og að girðingarnar hafi verið reistar umhverfis. Minjarnar voru friðlýstar sem „hofgirðingar“ af þjóðminjaverði árið 1931. Sumarið 2006 fór fram lítilsháttar fornleifakönnun á staðnum þegar snið í gegnum girðinguna var rannsakað. Ljóst er að garðurinn var hlaðinn eftir Heklugos árið 1104 og verður því ekki tengdur við hofbyggingu frá 10. öld. Má vera að girðingarnar séu forn akurgerði. Á hólnum eru leifar mun yngra fjárhúss en minjar efst á hólnum þarfnast frekari rannsókna. Við framkvæmdir á Hofi sumarið 2009 var öllum að óvörum komið niður á fornan kirkjugarð norðan við íbúðarhúsið. Er ljóst að grafirnar eru úr frumkristni í landinu, eða frá 11. öld. Kemur það heim og saman við orð Þórðarbókar Landnámu þar sem segir: „þá tók Þorkell [krafla] skírn ok allir Vatnsdælir. Hann lét kirkju gera at Hofi ok veitti þar grópt öllum þingmönnum sínum.“

Historical Notes

According to the *Book of Settlements* and *Vatnsdæla Saga*, Ingimundur “the Aged” was the first settler of the Vatnsdalur valley above the Helgavatn and Urðarvatn lakes. Ingimundur was an ally and liegeman of King Harald Fairhair of Norway (c. 850-933) and fought alongside him in the battle of Hafursfjord. After the battle the king arranged a good marriage for Ingimundur, to Vigdís, daughter of Earl Þórir the Silent, whose brother Hrólfur (Rollo) invaded northern France to establish the principality of Normandy (“land of the Northmen”). In 1066 Rollo’s descendant Willam the Conqueror became King of England after winning the Battle of Hastings. Around 900 AD, guided by the Norse god Freyr, Ingimundur made his home at Hof (=Temple), which was the manor of the Vatnsdalur chieftains until about 1030. Ingimundur went to Norway to fetch timber to build his home, “for he said that he wished to live in fine style, and said that he expected King Harald to give him a warm welcome.” Ingimundur presented the king with a polar bear (a rare and coveted gift), and Harald reciprocated by giving him an outstanding ship, *Stígandi* (High Stepper), and a cargo of timber.

North of the farmhouse is a hill known as Goðhóll (God Hillock), where traces of old wall structures are visible. On the top of the hillock are indistinct traces of a building; the presumption has been that this is where Ingimundur built his temple, “a hundred feet long,” with enclosing walls around it. In 1931 the place, described as “temple enclosures,” was listed as a heritage site. A small-scale archaeological investigation took place in 2006, when a section was cut through the enclosure wall. From tephrochronology it is clear that the wall was built after the eruption of Mt. Hekla in 1104, and is thus unrelated to a temple built in the 10th century. The structures may be old field walls. The building traces at the top of the hill require further research. During construction work at Hof in the summer of 2009, excavations uncovered a previously-unknown ancient churchyard to the north of the farmhouse. The graves date from the early Christian period in Iceland after 1000 AD. This is consistent with the *Þórðarbók* version of the *Book of Settlements*, which states: “then Þorkell [krafla] was baptised, and all the people of Vatnsdalur. He had a church built at Hof, and granted burial there to all his liegemen.”

